



## Krabbameinsfélagið

Forseti Alþingis  
Hr. Steingrímur J. Sigfússon  
Alþingi  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2020

### Efni: Skimanir fyrir krabbameinum

Í skriflegu svari heilbrigðisráðherra til Alþingis um skimanir fyrir krabbameinum, þingskjal nr 1262/574. máli, segir að ástæða þeirrar ákvörðunar að brjóta upp starfsemi Leitarstöðvar KÍ og flytja starfsemina á marga mismunandi staði sé ósk Krabbameinsfélagsins (KÍ) frá 2014 til ráðuneytisins um aðstoð vegna tímabundins skorts á röntgenlæknum.

Af þessu tilefni vill stjórn KÍ taka eftirfarandi fram:

- 1) Sá tímabundni vandi, sem ráðherra vitnar til í svari sínu og var til staðar 2014, er löngu leystur á vettvangi Leitarstöðvarinnar. Þremur árum síðar, árið 2017, var KÍ tilkynnt að heilbrigðisráðuneytið hygðist semja við félagið til 3 til 5 ára um umsjón með leit að legháls- og brjóstakrabbameini og um aðkomu félagsins að skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaparmi. Ekki hefur verið dregið í efa að sú ákvörðun hafi verið tekin á faglegum og málefnalegum forsendum. Ganga verður út frá því að ákvörðun ráðherra árið 2019 hafi einnig byggst á faglegum og málefnalegum forsendum. Því er útilokað að fimm ára gamlar aðstæður, sem ekki voru lengur til staðar 2019, hafi legið til grundvallar ákvörðuninni það ár eins og þó segir í svari ráðherra.

Í minnisblaði landlæknis til ráðherra um breytingar á vistun skimana í mars 2019 er engin ástæða sem snýr að KÍ tilgreind sem rök fyrir breytingum.

Engin úttekt fór fram á Leitarstöðinni né heldur möguleikum annarra til að taka við verkefninu áður en ákvörðun var tekin um að brjóta starfsemina upp í margar einingar. Kostnaðargreining var heldur ekki gerð. Þá var ekki skoðað hvernig sérhæfð þekking starfsfólks yrði best tryggð eða lagt mat á mögulegan ávinning af slíkri breytingu.

- 2) Á grundvelli faglegrar ráðgjafar hefur KÍ varað mjög sterklega við því að brjóta upp heildstætt ferli skimana fyrir krabbameinum eins og nú hefur verið ákveðið. Félagið hefur hins vegar ekki lagst gegn því að starfsemin í heild verði flutt annað. Aðalatriðið er að hún sé forgangsverkefni þar sem hún er vistuð, með lýðheilsusjónarmið og hagsmuni þeirra sem skimunin býðst, í forgrunni.
- 3) Tillögur KÍ um framtíðarskipun skimana miða að því að stýring, framkvæmd og úrvinnsla skimana sé á einni hendi til þess að tryggja skilvirkni og heildaryfirsýn. Í þeim

tilgangi lagði félagið til að sérstakri miðlægrri skimunarmiðstöð yrði falið verkefnið í heild. Tillaga félagsins um miðstöðina fylgir með bréfi þessu.

- 4) Biðtími eftir klínískum brjóstaskoðunum / sérskoðunum brjósta (skoðanir þegar grunur leikur á krabbameini, vegna einkenna sem koma fram við skimun eða utan skimunar) hefur lengst úr hófi, þrátt fyrir viðbótarfjarveitingu, eftir að skoðanirnar voru fluttar til LSH árið 2017. Vegna biðtímans hefur LSH af og til keypt viðbótar læknisþjónustu erlendis frá, en ekki leyst málið til frambúðar. Þetta er afleiðing af því að verkefnið virðist ekki enn sem komið er vera forgangsmál á hátæknisjúkrahúsi eins og LSH er, enda að hluta til forvarnarverkefni.


Á fyrstu 10 mánuðum ársins 2019 var meðalbiðtími eftir klínískri brjóstaskoðun í framhaldi af skimun 35 dagar en á samkvæmt evrópskum viðmiðum að vera að hámarki 5 virkir dagar.


Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala eru nú 255 konur á biðlista eftir klínískri brjóstaskoðun. Þetta er óviðunandi og óverjandi ástand.

- 5) Í svari ráðherra kemur fram að LSH hafi færst undan því að taka við brjóstaskimunum, til viðbótar við klínískar brjóstaskoðanir um næstu áramót því önnur verkefni hafi verið í forgangi. Engin ákvörðun hefur hins vegar verið tekin um hvert verkefnið flyst eftir því sem næst verður komist. Eins og sakir standa ríkir því fullkomin óvissa um framhald brjóstaskimana frá og með næstu áramótum. Þetta er að mati félagsins alvarleg og stórhættuleg staða.

Krabbameinsfélagið telur mikilvægt að Alþingi sé upplýst um alla málavexti í svo mikilvægu lýðheilsumáli. Í þeim tilgangi hefur stjórn félagsins látið vinna greinargerð um skimanir og ferli þeirra frá 2014 og mikilvæg atriði sem hafa verður í huga við skipan þessara mála. Greinargerðin fylgir með bréfi þessu ásamt tillögu Krabbameinsfélagsins um miðlæga skimunarmiðstöð.

Virðingarfyllst,

  
Valgerður Sigurðardóttir  
formaður

  
Halla Þorvaldsdóttir  
framkvæmdastjóri

Afrit: Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir  
Fyrirspyrjandi, Bryndís Haraldsdóttir  
Velferðarnefnd Alþingis

Fylgiskjal: Greinargerð um skimanir